# Álfhólsskóli

## Skólaráðsfundur

| FUNDARGERÐ | Tilefni fundar<br>Fyrsti fundur skólaársins | | |
|---|---|---|---|
| Dags. fundar<br>09.september 2011 | Tími<br>08:15 – 09:30 | Staður<br>Skrifstofa skólastjóra, Hjalla | Nr. fundar<br>1 |
| Fundarboðandi<br>Sigrún B. | Fundarritari<br>Sigrún B | Fundarstjóri<br>Sigrún B. | Fj. bls.<br>1 |

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Baldur Freyr Hilmarsson og Bolli Magnússon.

Mættir voru:
Allir boðaðir.

Málefni fundar:

1. Reglugerð og starfsreglur skólaráðs
2. Grenndarfulltrúi
3. Skólastarfið
4. Námsefniskynningar
5. Önnur mál

| **Málefni** | **Niðurstaða** |
|---|---|
| 1. Reglugerð og starfsreglur skólaráðs | Lögð voru fram ljósrit af reglugerð um skólaráð við grunnskóla og einnig ljósrit af starfsreglum skólaráðs Álfhólsskóla sem var unnin 22. október 2010. |
| 2. Grenndarfulltrúi | Skólaráð leggur til að Össur Geirsson verði grenndarfulltrúi skólaráðs. |
| 3. Skólastarfið | Búið er að kjósa í nemendaráð skólans og sitja tveir fulltrúar ráðsins í skólaráði. Rætt var um skólabyrjun sem farið hefur mjög vel af stað nú í haust, mötuneyti og ráðningarmál. |
| 4. Námsefnis-kynningar | Samþykkt var að færa til námsefniskynningar vegna ferðalaga nemenda og heimsóknar Dr. Barbro Westlund í Álfhólsskóla í tengslum við verkefnið LÆSI. |
| 5. Önnur mál | Fulltrúi foreldra ræddi um að mjög mikilvægt væri að kosnir væru bekkjarfulltúrar á námsefniskynningum. Erfiðlega gekk síðasta vetur að fá bekkjarfulltrúa í alla bekki. Rætt var um hvaða leið væri best til að fá foreldra til að taka að sér bekkjafulltrúastarf. |